



# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## JÖFNUNARSJÓÐUR

**Skýrsla um jöfnunarsjóð alþjónustu  
fyrir árin 2013 og 2014**

**Mars 2016**

# EFNISYFIRLIT

1. Inngangur .....	3
1.1. Almenn .....	3
1.2. Alþjónusta .....	3
1.3. Um jöfnunarsjóð .....	4
1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds .....	5
1.4. Markaðsávinningur og fl. ....	5
2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði vegna árána 2013 og 2014 .....	5
3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki .....	7
3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árunum 2013 og 2014 .....	7
3.2. Staða jöfnunarsjóðs .....	9
4. Um stöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu .....	10

## 1. Inngangur

### 1.1. Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) er vörslu- og umsýsluaðili jöfnunarsjóðs samkvæmt 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, (hér eftir fjarskiptalög). Jöfnunarsjóður er aðskilinn frá fjárhag PFS og hefur sérstakt fjárlaganúmer.

Samkvæmt 6. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal PFS birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og skrifa greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft af því að veita þjónustuna. PFS birtir nú í áttunda sinn yfirlitsskýrslu um framlög fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð, ásamt yfirliti yfir þær skuldbindingar sem fallið hafa á jöfnunarsjóð. Að þessu sinni tekur skýrslan til ára 2013 og 2014.

### 1.2. Alþjónusta

Við afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu þann 1. janúar 1998, varð til nýtt hugtak í fjarskiptarétti svokölluð alþjónusta. Með alþjónustu er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks fjarskiptaþjónustu óháð búsetu. Núgildandi reglur um alþjónustu eru í VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 og í reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.

PFS er heimilt að útnefna einn aðila eða fleiri til þess að bjóða alþjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Eftirfarandi þjónusta er nú skilgreind sem alþjónusta, sbr. 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar um alþjónustu:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almennings símar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala

Með ákvörðunum PFS nr. 30/2013 var það niðurstaða stofnunarinnar að ekki væri ástæða til að fella á alþjónustuskilyldur í tengslum við aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu og reksturs almennings síma. Í sömu ákvörðun var hins vegar viðhaldið útnefningu Mílu ehf. til að veita tengingu við almenna fjarskiptanetið til loka ársins 2013. Með ákvörðun PFS nr. 40/2014, var kvöð Mílu endurnýjuð jafnframt sem gerðar voru eftirfarandi breytingar á henni:

- Kostnaðarhlutdeild Mílu við að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið er lækkuð úr 650.000 kr. niður í 250.000 kr. fyrir hverja heimtaug
- Sett er þak á kostnaðarhlutdeild notanda upp að 250.000 kr., en áður þurfti notandi að greiða allan kostnað umfram 650.000 kr.

- Í þágu gagnsæis og jafnræðis eru sett ákveðin skilyrði fyrir mögulegri aðkomu Jöfnunarsjóðs Alþjónustu að fjármögnun verkefna, auk þess sem mælt er fyrir um 250.000 kr. hámarkskostnaðarhlut sjóðsins fyrir hverja heimtaug
- Kvöð Mílu er landfræðilega takmörkuð og gildir hún ekki í sveitarfélögum þar sem önnur fjarskiptafyrirtæki eða sveitarfélög hafa lagt heimtaugar og hafa raunhæfar áætlanir um að viðhalda og tryggja öllum íbúum tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Þessi ákvörðun var felld úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 5/2014.

Með ákvörðun PFS nr. 31/2013 var alþjónustukvöðum aflétt af Já upplýsingaveitum jafnframt sem númerið 118 var afturkallað.

Þá er enn í gildi ákvörðun PFS nr. 17/2009 um skyldu Neyðarlínunnar til að veita alþjónustu vegna aðgangs að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala (neyðarsvörun) á sviði talsímabjónustu. Útnefningin gildir á meðan Neyðarlínan ohf. er með samning við innanríkisráðuneytið um rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, sbr. 8. gr. laga um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008.

Samkvæmt ofangreindu er það Neyðarlínan ohf. sem í dag ber alþjónustuskyldur.<sup>1</sup>

Báðum fyrirtækjunum ber að veita þjónustu um allt land.

### 1.3. Um jöfnunarsjóð

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar alþjónustuskyldur geta sótt um framlag úr jöfnunarsjóði til PFS.

Til að standa straum af fjárframlagi til fjarskiptafyrirtækja er innheimt jöfnunargjald á bókfærða veltu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu.

Jöfnunargjald sem skattstjórar leggja á og innheimta af fjarskiptafyrirtækjum er svokallaður veltuskattur, sbr. 22. gr. fjarskiptalaga.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga kveður á um gjaldstofn jöfnunargjalds, álagningarprósentu og endurskoðunarhlutverk PFS. Ákvæðin hljóða svo:

*„Skal jöfnunargjald lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.*

*Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,10% af bókfærði veltu skv. 2. mgr. Skal fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra...“*

<sup>1</sup> Tekið skal fram að PFS hefur boðað þá fyrirhuguðu ákvörðun sína að útnefna Mílu með alþjónustukvöð að nýju.

Ofangreint ákvæði felur í sér skattlagningarheimild og skilgreinir gjaldanda, skatthlutfallið og skattstofninn. Skattstofninn er bókfærð velta, þ.e. rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi.

### **1.3.1. Álagningarprósenta jöfnunargjalds**

Á árunum 2013 og 2014 var álagningarprósenta jöfnunargjalds 0,10% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa PFS skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega, sjá nánar 22. gr. fjarskiptalaga.

### **1.4. Markaðsávinningur og fl.**

Með lögum nr. 78/2005 var 21. gr. fjarskiptalaganna breytt á þann veg að ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og ósanngjörn byrði á fyrirtækinu geti það sótt um til PFS að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. PFS skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna. Í 11. gr. reglugerðar nr. 1356/2007 um alþjónustu eru settar nánari leiðbeiningar varðandi útreikning á kostnaði við alþjónustu.

Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt alþjónustuveitanda til að sækja um fjárframlög ef það tap sem er á þjónustunni er ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Þá er í 2. mgr. kveðið á um fyrir hvaða tíma þarf að vera búð að sækja um fjárframlög og í 3. mgr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um fjárframlag úr jöfnunarsjóði.

- greinargóð lýsing á þeirri starfsemi sem sótt er um framlag fyrir.
- nákvæmar upplýsingar um hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.
- greinargerð um á hvern hátt rekstrartapið er ósanngjörn byrði á fjarskiptafyrirtækinu.
- upplýsingar um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði er háttað hjá fyrirtækinu, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga.

## **2. Umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði vegna árána 2013 og 2014.**

Með ákvörðun PFS nr. 5/2013 var Neyðarlínunni ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2013 að upphæð 55.802.000 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem féllu á sjóðinn á árinu 2013.

Með ákvörðun PFS nr. 9/2014 var Neyðarlínunni ákvarðað framlag úr sjóðnum fyrir árið 2014 að upphæð 55.959.000 kr. og eru þetta einu skuldbindingarnar sem féllu á sjóðinn á árinu 2014.

Með ákvörðun PFS nr. 29/2013, hafnaði stofnunin að svo stöddu umsókn Mílu um tæplega 200 millj. kr. framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2013 vegna taps á rekstri koparlínukerfis félagsins í strjálbýli.

Að mati PFS var það grundvallaratriði að litið væri á Mílu og Símann sem eina efnahagslega einingu við mat á umræddri umsókn og að sú framlegð sem Síminn hafði

vegna umræddra tenginga í strjálbýli kæmi til frádráttar þeim kostnaði sem Míla taldi að fælist í veitingu umræddrar þjónustu á umræddum stöðum, þ.m.t. tekjur vegna síma-, internet og sjónvarpsþjónustu.

Þá mælti PFS fyrir um að nettókostnaði Mílu, vegna umræddrar umsóknar, skyldi reikna þannig út að fyrst bæri að ákvarða kostnað heimtaugar hjá Mílu, áður en heimtaugaleigutekjur félagsins, framlegð þjónustu Símans yfir tenginguna í heildsölu og smásölu og markaðsávinningur samstæðunnar væri dreginn frá. Væri einhver nettókostnaður fyrir hendi eftir þessa útreikninga skyldi síðan meta hvort sá kostnaður sem eftir stæði teldist ósanngjörn byrði á Skiptasamstæðuna, en það skilyrði þarf að uppfylla svo PFS sé heimilt að ákvarða Mílu alþjónustuframlag.

Ennfremur hafði áhrif á umrædda umsókn að PFS heimilaði Mílu að hækka heimtaugaleiguverð sín um 8,6% frá og með 1. ágúst 2013, eftir að umsókn Mílu barst stofnuninni. Sú hækkun gerði það að verkum að hið meinta tap sem jöfnunarsjóðsframlaginu var ætlað að bæta er mun minna en fram kom í hinni upphaflegu umsókn. Míla þyrfti því að taka tillit til þessa ef félagið hefði í hyggju að leggja inn uppfærða umsókn til PFS.

Í ákvörðuninni var einnig kveðið á um ákveðna fresti sem Míla hefði til að skila inn nýrri umsókn. Engin umsókn barst fyrir hið setta tímamark og lítur stofnunin því svo á að Míla hafi fallið frá umræddri umsókn.

### 3. Yfirlit yfir álagningu á fjarskiptafyrirtæki

Neðangreindar upplýsingar eru unnar úr gögnum frá Fjársýslu ríkisins og sýna álagningu, breytingar, afskriftir, innheimtu og eftirstöðvar fyrir árin 2013 og 2014.

#### 3.1. Yfirlit yfir álagningu, breytingar, afskriftir og innheimtu á árunum 2013 og 2014

Tafla 1

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2012	Álagning 2013	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2013
590269-7199	Advania hf.	20.333	79.674			( 87.259)	12.748
581208-0490	Alterna Tel ehf.		18.439			( 15.489)	2.950
690197-3169	Ábótinn ehf.		16.090			( 16.090)	0
481188-1219	Brinrún ehf.		9.942			( 9.942)	0
460709-0160	Datacell ehf.		4.846			( 4.846)	0
450307-1810	Davíð og Gólfat ehf.		5.000	( 5.000)			0
630812-0110	DCN Hub ehf.		4.000	( 4.000)			0
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf.		22.932			( 22.932)	0
690393-2989	Eignafélag Tölvunar ehf.		7.610			( 7.610)	0
470200-2780	Equant á Íslandi ehf.		185.120			( 185.120)	0
580902-2190	Farice hf.		1.633.447			( 1.633.447)	0
470905-1740	Fjarskipti ehf.		9.841.748			( 9.841.748)	0
570899-2289	Fjölnet hf.		97.081			( 97.081)	0
680292-2489	Fónn ehf.	12.314					12.314
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.		1.385.589			( 1.385.589)	0
690506-1140	Gagnaveita Skagafjarðar ehf.		27.657			( 27.657)	0
580210-0150	Gagnaveitan ehf.		7.793			( 7.793)	0
560608-2090	GlobalCall ehf.	10.260	45.594			( 48.559)	7.295
551100-3240	Hátíðni hf.	6.543	8.179			( 3.272)	11.450
640309-0670	Hringdu ehf.	35.857		( 35.857)			0
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.		49.954			( 49.954)	0
540710-1200	Icell ehf.	5.726	69.928			( 46.271)	29.383
620600-3690	IMC Ísland ehf.	215.785	247.882			( 424.006)	39.661
660595-2449	Internet á Íslandi hf.		251.365			( 251.365)	0
681201-2890	IP-fjarskipti ehf.		1.626.645			( 1.626.645)	0
550210-0370	Isavia ohf.		8.713			( 8.713)	0
710304-3940	Magnavík ehf.	3.217	18.615			( 18.623)	3.209
410305-1270	Martölvan ehf.	1.800				( 1.800)	0
590308-0800	Material ehf.	35.363					35.363
460207-1690	Míla ehf.		4.769.029			( 4.769.029)	0
451101-2930	Nepal húgbúnaður ehf.		13.343			( 13.343)	0
450701-2620	Netsamskipti ehf.	3.012	29.775			( 24.300)	8.487
511095-2559	Neyðarlínan ohf.		448.681			( 448.681)	0
531205-0810	Nova ehf.		3.193.623			( 3.193.623)	0
530292-2079	Nýherji hf.		96.967			( 78.664)	18.303
561000-3520	Orkufjarskipti hf.		354.203			( 354.203)	0
560305-1410	Radíó ehf, íslensk fjarskipti		5.007			( 5.007)	0
420703-2360	Radíóvík ehf.	1.958				( 1.958)	0
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf.		117.440			( 117.440)	0
701104-3070	SH-Hús ehf.	262				( 262)	0
470808-0550	Símafélagið ehf.		147.198			( 147.198)	0
500269-6779	Símenn hf.		19.229.367	( 213.389)		( 19.015.978)	0
430197-2319	Snerpa ehf.		32.970			( 26.702)	6.268
660702-2880	Tengir hf.	32.492	171.518			( 163.514)	40.496
571201-2670	TSC ehf.		7.823			( 7.823)	0
630903-2620	Tæknimiðlun ehf.	2.859	9.065			( 11.924)	0
700895-2549	Tölvu- og rafeindapj Suðurl ehf.		69.114			( 69.114)	0
601207-0870	Tölvustöð ehf.	24.749	5.308			( 30.057)	0
540201-2690	UTV-Upplýsingatækniveitan ehf.		7.557			( 7.557)	0
610409-0400	Víkjandi Tækniþjónusta ehf.	27.555		( 404)			27.151
411199-2749	Þekking - Tristan hf.		46.024			( 37.780)	8.244
691206-0840	Þjóðhagi ehf.	24.671			( 24.671)		0
		<b>464.756</b>	<b>44.427.855</b>	<b>( 258.650)</b>	<b>( 24.671)</b>	<b>( 44.345.968)</b>	<b>263.322</b>

**Tafla 2**

Kennitala	Nafn	Eftirst. 2013	Álagning 2014	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Eftirst. 2014
480702-2390	365 mðlar hf.		24.356			( 12.178)	12.178
590269-7199	Advania hf.	12.748	91.161			( 103.909)	0
581208-0490	Alterna Tel ehf.	2.950	17.772			( 20.722)	0
690197-3169	Ábótinn ehf.		17.154			( 17.154)	0
540710-1120	Backbone ehf.		30.485			( 30.485)	0
481188-1219	Brimrún ehf.		8.883			( 7.462)	1.421
460709-0160	Datacell ehf.		9.933	( 987)		( 8.946)	0
450307-1810	Davíð og Gólfát ehf.		73.591			( 36.797)	36.794
620399-2219	DVD-Margmiðlun ehf.		22.932			( 19.263)	3.669
690393-2989	Eignafélag Tölvunar ehf.		4.805			( 4.805)	0
470200-2780	Equant á Íslandi ehf.		163.635			( 163.635)	0
580902-2190	Farice hf.		1.991.803			( 1.991.803)	0
450712-0510	Fjarskiptafélag Skeiða og Gehf		4.323			( 4.323)	0
470905-1740	Fjarskipti ehf.		9.468.607			( 9.468.607)	0
570899-2289	Fjölnet hf.		115.319			( 115.319)	0
680292-2489	Fónn ehf.	12.314				( 12.314)	0
410801-2480	Gagnaveita Hornafjarðar ehf.		5.072			( 5.072)	0
691206-3780	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.		1.586.851			( 1.264.526)	322.325
690506-1140	Gagnaveita Skagafjarðar ehf.		28.912			( 28.912)	0
520911-1620	Gagnaveita Suðurlands ehf.		7.639			( 7.639)	0
580210-0150	Gagnaveitan ehf.		12.016			( 12.016)	0
560608-2090	GlobalCall ehf.	7.295	48.582			( 47.088)	8.789
551100-3240	Hátíðni hf.	11.450	1.241	( 11.510)		132	1.313
640309-0670	Hringdu ehf.		248.180	194.262		( 440.384)	2.058
700395-2949	Hringiðan ehf/Vortex Inc.		31.857			( 31.857)	0
540710-1200	Icell ehf.	29.383	51.871	42		( 81.296)	0
620600-3690	IMC Ísland ehf.	39.661	109.861			( 149.522)	0
660595-2449	Internet á Íslandi hf.		271.952			( 271.952)	0
681201-2890	IP-fjarskipti ehf.		1.779.377			( 1.779.377)	0
550210-0370	Isavia ohf.		8.274			( 8.274)	0
710304-3940	Magnavík ehf.	3.209	19.450			( 19.263)	3.396
410305-1270	Martölvan ehf.		946			( 37)	909
590308-0800	Material ehf.	35.363			( 35.363)		0
460207-1690	Míla ehf.		4.973.813			( 4.973.813)	0
451101-2930	Nepal húgbúnaður ehf.		14.859			( 14.859)	0
450701-2620	Netsamskipti ehf.	8.487	16.692			( 25.179)	0
511095-2559	Neyðarlínan ohf.		484.276			( 484.276)	0
531205-0810	Nova ehf.		3.701.179			( 3.701.179)	0
530292-2079	Nýherji hf.	18.303	90.576			( 94.387)	14.492
420103-2040	Opin kerfi hf.		2.430			( 2.430)	0
430504-2660	Opex ehf.		26.167			( 13.084)	13.083
561000-3520	Orku fjarskipti hf.		407.683			( 407.683)	0
560305-1410	Radíó ehf, íslensk fjarskipti		5.405			( 5.405)	0
600307-0450	Ríkisútvarpið ohf.		140.594			( 110.227)	30.367
470808-0550	Símafélagið ehf.		322.008			( 211.051)	110.957
500269-6779	Síminn hf.		18.544.255			( 18.544.255)	0
430197-2319	Snerpa ehf.	6.268	34.973			( 34.964)	6.277
611201-2490	Sv á Íslandi ehf.		25			( 25)	0
660702-2880	Tengir hf.	40.496	205.175			( 201.400)	44.271
571201-2670	TSC ehf.		6.919			( 6.919)	0
630903-2620	Tæknimiðlun ehf.		1.640			( 1.640)	0
700895-2549	Tölvu- og rafeindaþj Suðurl ehf.		79.992			( 79.992)	0
601207-0870	Tölvustöð ehf.		5.450			( 5.450)	0
540201-2690	UTV-Upplýsingatekni veitan ehf.		0			0	0
610409-0400	Víkjandi Tækniþjónusta ehf.	27.151					27.151
411199-2749	Þekking - Tristan hf.	8.244	53.361			( 61.605)	0
		<b>263.322</b>	<b>45.374.312</b>	<b>181.807</b>	<b>( 35.363)</b>	<b>( 45.144.628)</b>	<b>639.450</b>



### 3.2. Staða jöfnunarsjóðs

Í töflu 3 er yfirlit yfir álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs:

**Tafla 3**

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000		13.931.078			(9.818.302)	4.112.776
Árið 2001	4.112.776	14.860.992			(6.596.238)	12.377.530
Árið 2002	12.377.530	52.479.301	(5.489.029)	(66)	(40.900.639)	18.467.097
Árið 2003	18.467.097	51.436.749	(54.338.594)	(138.000)	(9.211.753)	6.215.499
Árið 2004	6.215.499	32.123.869	(12.465.059)	(690)	(25.330.489)	543.130
Árið 2005	543.130	30.906.483	(2.282.680)		(19.037.593)	10.129.340
Árið 2006	10.129.340	30.791.689	(9.715.385)		(27.661.746)	3.543.898
Árið 2007	3.543.898	24.179.956	(10.805.553)		(16.338.390)	579.911
Árið 2008	579.911	38.854.117	9.746.550		(48.466.272)	714.306
Árið 2009	714.306	259.543.168	(1.067.437)	(28.350)	(253.612.549)	5.549.138
Árið 2010	5.549.138	43.943.176	17.231.410	(3.360)	(46.584.109)	20.136.255
Árið 2011	20.136.255	39.219.961	(15.473)	(10.411)	(59.244.277)	86.055
Árið 2012	86.055	42.055.975	3.898.098	(4.440)	(45.570.932)	464.756
Árið 2013	464.756	44.427.855	(258.650)	(24.671)	(44.345.968)	263.322
Árið 2014	263.322	45.374.312	181.807	(35.363)	(45.144.628)	639.450
		764.128.681	(65.379.995)	(245.351)	(697.863.885)	

Í töflu 4 er yfirlit yfir tekjufærslur:

**Tafla 4**

Ár	Tekjufært	Gjaldf. afskr.	Framlag	Til ráðst.
Árið 2000.....	13.931.078		10.000.000	23.931.078
Árið 2001.....	14.860.992			14.860.992
Árið 2002.....	25.934.843	(66)		25.934.777
Árið 2003.....	18.015.584			18.015.584
Árið 2004.....	19.658.810	(690)		19.658.120
Árið 2005.....	28.623.803			28.623.803
Árið 2006.....	21.076.304			21.076.304
Árið 2007.....	13.374.403			13.374.403
Árið 2008.....	48.600.667			48.600.667
Árið 2009.....	258.475.731	(28.350)		258.447.381
Árið 2010.....	61.174.586	(3.360)		61.171.226
Árið 2011.....	39.204.488	(10.411)		39.194.077
Árið 2012.....	45.954.073	(4.440)		45.949.633
Árið 2013.....	44.169.205	(24.671)		44.144.534
Árið 2014.....	45.556.119	(35.363)		45.520.756
	698.610.686	(107.351)	10.000.000	708.503.335

Samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið eftirfarandi síðustu 15 árin samkvæmt gögnum PFS. Neyðarlínan hefur fengið meginhluta framlagsins vegna reksturs neyðarþjónustu en Síminn hefur einu sinni fengið framlag úr sjóðnum.

**Tafla 5**

Ár	Framlög
Árið 2000.....	18.618.302
Árið 2001.....	20.496.000
Árið 2002.....	20.496.000
Árið 2003.....	23.889.600
Árið 2004.....	26.735.628
Árið 2005.....	25.440.000
Árið 2006.....	25.440.000
Árið 2007.....	192.921.277
Árið 2008.....	30.100.000
Árið 2009.....	33.371.618
Árið 2010.....	38.230.601
Árið 2011.....	41.900.000
Árið 2012.....	46.313.868
Árið 2013.....	55.802.000
Árið 2014.....	55.959.000
	<u>655.713.894</u>

Í töflu 5 kemur fram að samþykkt framlög úr jöfnunarsjóði hafa verið 655.713.894 kr. en álagt jöfnunargjald sjóðsins að viðbættu 10.000.000 kr. framlagi ríkisins hefur á sama tímabili numið 708.503.335 kr. Álagt jöfnunargjald á þessu 15 ára tímabili sem liðið er frá því að gjaldið var tekið upp er því 52.789.441 kr. umfram framlög úr sjóðnum.

#### **4. Um stöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu**

Eins og fram kemur hér að ofan þá er álagt jöfnunarsjóðsgjald frá því að gjaldið var tekið upp 52.789.441 kr. umfram framlög úr sjóðnum.

Samkvæmt 3. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga skal fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af PFS og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir ráðherra. Verði útgjöld hærra en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda hærra en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

Ekki hefur þótt ástæða til að endurskoða álagningarprósentu jöfnunargjalds, en sjóðurinn hefur átt inneign um hver áramót. Útgreiðslur hafa hins vegar verið heldur hærra en inngreiðslur inn í sjóðinn á undanförunum árum og staða sjóðsins því að nálgast jafnvægi. Um leið og það gerist kann að vera ástæða til að hækka álagningarprósentu jöfnunargjalds til að forða því að staða sjóðsins yrði neikvæð. Um óverulega prósentuhækkun yrði að ræða.